

Olíudreifing ehf
Hólmaslóð 8 - 10
101 Reykjavík

Akureyri, 16. janúar 2023
UST202301-054/G.S.Á.
08.06.02

Efni: Þykktarmæling 2022 - Olíudreifing ehf., Reyðarfirði, geymir nr. 8, T1075

Umhverfisstofnun barst þann 3. janúar 2023, þykktar- og segulsviðsmælingar á olúgeymi Olíudreifingar ehf., Reyðarfirði. Geymirinn er merktur nr. 8, hefur fastanúmerið T1075 og eigendanúmerið 730.08.00, og er staðsettur í olíubirgðastöð rekstraraðila við Óseyri, Reyðarfirði. Geymirinn er liggjandi stálgeymir fyrir bensín, smíðaður árið 1950.

Þykktarmælingar framkvæmdu Gísli Arnar Guðmundsson og Andre Sandö hjá HD ehf., Kópavogi, þann 9. nóvember 2022. Notaður var Olympus 45MG hátíðniþykktarmælir (ultrasonic thickness gage), 5 MHz mælir, ser#130177407. Kvörðunarklossar mælisins eru á bilinu 3 – 18 mm. Var geymirinn mældur frá miðjum belg niður að neðsta hluta ásamt botnum.

Fram kemur í skýrslu HD ehf., að botn og hliðar geymisins séu málaðar og séu í góðu ástandi.

Meðfylgjandi er skýrsla HD ehf. um þykktarmælingar geymisins.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við áframhaldandi notkun á geyminum. Botnþykktarmæla skal eigi sjaldnar en á 10 ára fresti.

Virðingarfyllt

Guðbjörg Stella Árnadóttir
Sérfræðingur

Kristín Kröyer
Sérfræðingur